

Dómstóll ÍSÍ kom saman mánudaginn þann 2. júlí 2001. Mættur var varaformaður dómsins Halldór Frímansson.

Fyrir var tekið málið nr. 4/2001

**Heilbrigðisráð ÍSÍ  
gegn  
Kristínu Björk Jónsdóttur 070274-4939**

Dóminum hefur borist ákæra dags. 14. júní 2001 frá Heilbrigðisráði ÍSÍ á hendur Kristínu Björk Jónsdóttur leikmanni með körfuknattleiksliði KR. Í beinu framhaldi óskaði dómsformaður Dómstóls ÍSÍ, með bréfi dags. 18. júní sl. eftir frekari gögnum og rökstuðningi hvers vegna málið heyrir undir dómstólinn. Svar barst frá lögmanni sóknaraðila dags. 25. júní sl. ásamt gögnum. Umbeðinn rökstuðningur sóknaraðila barst með bréfi dags. 27. júní sl.

Eftirfarandi skjöl hafa verið lögð fram í málinu:

- Nr. 1 Bréf sóknaraðila dags. 14.6.2001
- Nr. 2 Ákæra dags. 14.6.2001
- Nr. 3 Greinargerð dags. 12.6.2001
- Nr. 4 Bréf dómsformanns dags. 18.6.2001
- Nr. 5 Bréf lögmanns sóknaraðila dags. 25.6.2001
- Nr. 6 Bréf lögmanns sóknaraðila dags. 27.6.2001

Samskonar ákæra hafði áður verið gefin út gegn sama leikmanni þann 25. apríl 2001. Málið var þá höfðað fyrir dómstól samkvæmt reglugerð um lyfjaeftirlit. Dómur féll í málinu þann 2. maí 2001.

Framangreindur dómstóll var fyrsta dómstig í lyfjamálum samkvæmt reglugerð um lyfjaeftirlit. Dómur féll áður en ný lög um dómstóla Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands tóku gildi. Dómstóll ÍSÍ er hliðsettur dómstóll framangreindum dómstól samkvæmt reglugerð um lyfjaeftirlit. Af þeim sökum verður mál Heilbrigðisráðs ÍSÍ gegn Kristínu Björk Jónsdóttur ekki tekið til dómsmeðferðar hjá Dómstóli ÍSÍ og er því málinu vísað frá dómi.

**Úrskurðarorð**

**Máli Heilbrigðisráðs ÍSÍ gegn Kristínu Björk Jónsdóttur samkvæmt ákæru dags. 14. júní 2001 er vísað frá dómi.**

Halldór Frímansson (sign)